

**143. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
3. febrúar 2020 og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sindri Birgisson, Umhverfisstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2001289 - Dalbraut 4 - athugasemdir FEBAN vegna hönnunar félagsrýmis**

*Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri sátu undir þessum dagskrárlíð.*

*Lagt fram erindi FEBAN varðandi hönnun félagsrýmis á Dalbraut 4. Karl og Alfreð fóru efnislega yfir málið og þá fundi sem þeir áttu með fulltrúum FEBAN vegna þess.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur starfsmönnum skipulags- og umhverfissviðs að vinna málið áfram og skila inn tillögu að útfærslu rýmis við þjónustumiðstöðina að Dalbraut 4, þar sem m.a. verði tekið tillit til sjónarmiða fulltrúa FEBANS um útfærslur þess.*

**2. 1912204 - Deiliskipulag, Útivistarsvæði Garðaflóa (Garðalundur, Klapparholt)**

*Sindri Birgisson umhverfisstjóri kynnti drög að deiliskipulagi fyrir nýtt útivistarsvæði sem mun umlykja fyrirhugað Skógarhverfi.*

**3. 1906111 - Deiliskipulag Garðalundur - endurskoðun**

*Sindri Birgisson umhverfisstjóri kynnti drög að deiliskipulagi fyrir nýtt útivistarsvæði sem mun umlykja fyrirhugað Skógarhverfi.*

**4. 2001019 - Suðurgata 20 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Fyrirspurn um byggingu bílgeymslu á lóðinni. Sótt er um að umsóknin fari í grenndarkynningu.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir Akursbraut 3, Suðurgötu 16, 18, 20, 21, 22, 23, 25 og 26.*

**5. 2001282 - Fagrilundur 3A og 3B - breyting á lóðarmörkum**

Ósk lóðarhafa um að færa lóðarmörk milli lóðar nr. 3A og 3B sem og breyting á byggingarreit á lóð 3B.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynna skipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Fagralund 1A-1C, 5-7, Akralundi 13, 15, 17 og 19.*

**6. 1912203 - Sláttur á opnum svæðum á Akranesi 2020-2022**

Lögð fram drög að útboðsgögnum fyrir slátt hjá Akraneskaupstað.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðsgögn og felur Sindra Birgissyni umhverfisstjóra að bjóða út verkið.*

*RS*

**7. 2001064 - Merkurteigur 4 - viðbót við eignalóð lóðaleigusamningur**

Beiðni eigenda á Merkigerði 4 um endurnýjun á lóðarskika skv. lóðarleigusamningi sem gerður var til 5 ára í janúar 1997. Gildistími samningsins var frá 1. janúar 1997 til 1. janúar 2002.

Skipulags- og umhverfisráð er jákvætt fyrir því að gerður verði nýr samningur til 5 ára. Skýrt verði tekið á kvöðum um heimild Akraneskaupstaðar að taka til sín lóðarskikann án nokkurra kvaða eða kostnaðar. Stefnt skal að því að ofnagreindur samningur verði lagður fyrir ráðið sem fyrst, með þeim fyrirvara að lóðarhafar við Merkurteig 4 hafi veitt samþykki sitt fyrir samningnum fyrir sitt leiti.


**8. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar**

Uppkast af umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar tekin til meðferðar í Skipulags- og umhverfisráði.

Sindri Birgisson umhverfisstjóri fór yfir drög að Umhverfisstefnu Akraness.

Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að undirbúa gögnin til kynningar á sameiginlegum fundi bæjarfulltrúa.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:25.**

Ragnar Samundsson  
  
 Gerður Joh. Jóhannsdóttir  
 Sindri Birgisson